

Borgum v/ Norðurlóð
600 Akureyri
Sími 460-8900 Fax 460-8919
rha@unak.is
<http://www.rha.is>



EFLING NÁMS Í SJÁVARÚTVEGSFRÆÐUM

Viðauki við lokaskýrslu

Júní 2011

Hreiðar Þór Valtýsson

Hörður Sævaldsson

Jón Ingi Björnsson



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



© RHA-Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri 2011

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-05-2011

L-ISSN 1670-8873

Skýrsla unnin fyrir samstarfsnefnd um eflingu sjávarútvegsfræðináms

Efnisyfirlit

1. ALMENNUR INNGANGUR	2
2. VIÐHORF SJÁVARÚTVEGSFRÆÐINGA	3
2.1. Inngangur	3
2.2. Undirbúningur fyrir nám	3
2.3. Viðhorf til námsins - almennt.....	4
2.4. Viðhorf til námsins – Samsetning og aðstaða.....	5
2.5. Starfssvið sjávarútvegsfræðinga	6
2.6. Staða á vinnumarkaði	6
2.7. Núverandi staða - Tekjur.....	8
2.8. Núverandi staða - kröfur	8
2.9. Framhaldsnám	9
2.10. Námið – alþjóðleg tenging	10
2.11. Lokaorð	11
3. VIÐHORF FRAMHALDSSKÓLANEMA.....	12
3.1. Inngangur	12
3.2. Viðhorf og tengsl við sjávarútveg.....	13
3.3. Viðhorf til sjávarafurða	14
3.4. Þekking á sjávarútvegi.....	15
3.5. Atvinnugreinar/framtíðarstarf, menntun og búseta	17
3.6. Háskólanám.....	24
3.7. Háskólinn á Akureyri	25
3.8. Áhugasvið nemenda innan sjávarútvegs	27
3.9. Lokaorð	30
4. VIÐHORF STJÓRNENDA SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKJA.....	32
4.1. Inngangur	32
4.2. Sjávarútvegsfræðingar; störf og ábyrgð	33
4.3. Mat á hæfni sjávarútvegsfræðinga	34
4.4. Menntun í sjávarútvegsfræðum og stjórnunarstörf	35
4.5. Áherslur við val á starfsmanni í stjórnunarstöðu.....	36
4.6. Endurmenntun	37
4.7. Viðhorf til náms í sjávarútvegsfræðum við HA	39
4.8. Gagnaveita um íslenskan sjávarútveg.....	39
4.9. Lokaorð	40
5. GREINING Á INNRIÐUN OG BROTTFALLI	41
5.1. Inngangur	41
5.2. Heildarfjöldi sjávarútvegsfræðinga á Íslandi.....	41
5.3. Fjöldi innritaðra, útskrifaðra og brottfalli nemenda við HA	42
5.4. Aldursdreifing og meðalaldur innritaðra nemenda	43
5.5. Innritaðir nemendur eftir kyni	44
5.6. Innritaðir nemendur eftir framhaldsskólum.....	44
5.7. Innritaðir nemendur eftir námsbraut úr framhaldsskóla	45
5.8. Námsstími að brottfalli innritaðra nemenda.....	47
5.9. Lokaorð	48

1. ALMENNUR INNGANGUR

Skýrsla þessi er viðauki við meginskýrsluna um verkefnið „Efling náms í sjávarútvegsfræðum“. Hér er gert grein fyrir megin niðurstöðum úr könnunum og rannsóknum sem framkvæmdar voru. Kannanirnar voru unnar af Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA). Mun ítarlegri vinnuskýrslur um allar kannanirnar eru í vörslu skýrsluhöfunda en þar koma m.a fram niðurstöður allra spurninganna. Í viðauka þessum hafði verið valið úr það sem talið var mestu máli skipta. Um er að ræða eftirtaldar vinnuskýrslur:

- Viðhorf framhaldsskólanema 12.6.2008: 30 bls.
- Framhaldsnemar og sjávarútvegsnám október 2009: 113 bls.
- Framhaldsnemar og sjávarútvegsnám júní 2010: 109 bls.
- Sjávarútvegsnám brautskráðir, 12.6.2008: 92 bls.
- Vefkönnun meðal útskrifaðra sjávarútvegsfræðinga, júlí 2010: 50 bls.
- Könnun á menntaþörf í sjávarútveginum, forkönnun í Eyjafirði og í Vestmannaeyjum, nóvember 2009: 36 bls.
- Sjávarútvegsfræðingar sem starfsmenn, viðhorfskönnun meðal stjórnenda sjávarútvegsfyrirtækja, september 2010: 119 bls.

2. VIÐHORF SJÁVARÚTVEGSFRÆÐINGA

2.1. Inngangur

Tvær vefkannanir voru framkvæmdar til að kanna viðhorf sjávarútvegsfræðinga til námsins. Fyrri könnunin vorið 2008 og var hún mjög ítarleg. Vorið 2010 var síðan send út önnur styttri og hnitmiðaðri könnun í því markmiði að fá samanburð í ljósi breyttra efnahagsástæðna frá 2008 ásamt því að skerpa á ákveðnum þáttum úr fyrri könnun sem þörfnuðust nánari skýringar. Kannanirnar voru framkvæmdar á vefnum. Brautskráðum sjávarútvegsfræðingum var þá sendur tölvupóstur með beiðni um þátttöku og sendar voru út tvær ítrekanir með frekari beiðni um að svara könnuninni. Fyrri vefkönnunin var gerð í Outcome en sú síðari í Surveymonkey.


Í fyrri könnuninni var ákveðið að bæta við sjávarútvegsfræðingum sem útskrifaðir voru frá Tromsö, þar sem námið þar var fyrirmynd að náminu við HA. Í síðar könnuninni var jafnframt bætt við sjávarútvegsfræðingum sem útskrifast höfðu frá HÍ.

Þátttakendur og svarhlutfall


Dags.	Könnun vor 2008	Könnun vor 2010
Þátttakendur	166	181
Svör	108	134
Svarhlutfall	65%	74%
Hlutfall kvenna	12%	13%
HA 3 ára nám	33	40
HA 4 ára nám	62	65
Tromsö	12	16
HÍ		12
Ekki tekið fram	1	1

2.2. Undirbúningur fyrir nám

Flestir sjávarútvegsfræðingar höfðu lokið námi í framhaldsskóla áður en þeir hófu nám í sjávarútvegsfræðum en frávík frá því má þó merkja á síðustu árum þ.e. HA-3 ára nám. Yfir 80% aðspurðra töldu undirbúning sinn fyrir nám í sjávarútvegsfræðum vera góðan eða í meðallagi og var það óháð útskriftarhópum.




Laukst þú prófi frá framhaldsskóla áður en þú fórst í sjávarútvegsfræðinám?




Telur þú að undirbúningur þinn fyrir háskólanám hafi verið góður, í meðallagi eða slæmur?

2.3. Viðhorf til námsins - almennt



Viðhorf til námsins reyndist almennt vera gott. Útskrifaðir sjávarútvegsfræðingar sáu almennt ekki eftir að hafa ráðist í námið og sögðust myndu mæla með því við aðra, brautskráðir úr 4 ára námi við HA þó hvað síst. Flestir höfðu svipaða afstöðu til námsins og þegar þeir útskrifuðust og voru fleiri ánægðir með námið en óánægðir. Ekki var marktækur munur á niðurstöðum kannana frá 2008 og 2010. Færni/þekking sem fékkst úr náminu nýttist almennt vel í starfi og jókst með vinnualdri. Jafnframt töldu um helmingur aðspurðra að menntunin þeirra væri hærra metin eftir hrun bankakerfisins haustið 2008 og töldu engir aðspurðra menntunina lægra metna.




Eftir á að hyggja var sjávarútvegsfræðinamið það nám sem þú hefðir helst kosið?




Myndir þú mæla með námi í sjávarútvegsfræði við aðra?



Hefur afstaða þín til sjávarútvegsfræðinámsins breyst, til námsins nú en þegar þú útskrifaðist? Efri mynd sýnir niðurstöður könnunar frá 2008, neðri mynd frá 2010




Pegar á heildina er litið í hve miklum mæli notaðir þú í starfi þínu þá þekkingu/færni sem þú öðlaðist í námi?




Hvort telur þú að menntun í sjávarútvegsfræðum sé almennt hærra eða lægra metin eftir hrun íslenska bankakerfisins? Niðurstöður könnunar frá 2010

2.4. Viðhorf til námsins – Samsetning og aðstaða

Varðandi áherslur í samsetningu námsins taldi meirihluti þátttakenda að auka þyrfti vægi almennra viðskiptagreina og valgreina. Áherslumunur var þó eftir því hvort nemendur höfðu lokið 3 eða 4 ára námi frá HA eða Tromsö. Þó var samdóma álit flestra og var það óháð skóla, að auka þyrfti áherslu á viðskiptagreinar í náminu. Helst var talið að minnka mætti áherslu í efnafræði og líffræðigreinum. Margir gerðu þá athugasemd að í námið vantaði áfanga um íslenskan sjávarútveg. Sjávarútvegsfræðingar voru almennt sáttir við aðstöðu deildarinnar en óskuðu eftir frekari þátttöku í rannsóknatengdum verkefnum.




Telur þú æskilegt að auka eða minnka áherslur í eftirfarandi greinum – Allir skólar



Viðhorf til þátta varðandi námið – Allir skólar

2.5. Starfssvið sjávarútvegsfræðinga



Helmingur sjávarútvegsfræðinga störfðu við sjávarútveg og dreifðust hinir á fjölmargar atvinnugreinar, flestir hjá fjármálastofnunum og í greinum ótengdum sjávarútvegi. Algengara var að nemendur brautskráðir úr 4 ára námi frá HA og Tromsø starfi hjá fjármálastofnunum.




Í hvað atvinnugrein starfa sjávarútvegsfræðingar

2.6. Staða á vinnumarkaði


Sjávarútvegsfræðingarnir voru almennt sáttir með stöðu sína á vinnumarkaði og lítil breyting var á því í könnunum árána 2008 og 2010. Flestir töldu núverandi starf mæta þeim væntingum sem þeir höfðu við upphaf sjávarútvegsfræðinámsins og að menntunarstig þeirra hentaði núverandi starfi. Meirihluti taldi stöðu sína á vinnumarkaði traustari vegna menntunar í sjávarútvegsfræðum.




Þegar á heildina er litið, hversu ánægð/ur ert þú með stöðu þína á vinnumarkaði?



Hvernig mætir starf þitt þeim væntingum sem þú hafðir þegar þú hófst sjávarútvegsfræðinámnið?




Að hvaða marki hentar menntunartig þitt núverandi starfi þínu?



Hvort telur þú að staða þín á vinnumarkaði sé traustari eða veikari vegna menntunar þinnar í sjávarútvegsfræðum?

2.7. Núverandi staða - Tekjur


Meðaltekjur sjávarútvegsfræðings með 3 ára nám frá HA voru 400 til 600 þúsund kr. á mánuði og 600 til 800 þúsund kr. á mánuði hjá þeim sem voru með 4 ára nám frá HA eða MSc nám frá HÍ. Meðaltekjur þeirra sem útskrifuðust frá Tromsö voru hæstar eða í kringum 1 milljón. Launadreifing endurspeglar að öllum líkindum lengri starfsaldur hjá þeim sem eru með 4 ára HA nám og Tromsö. Meðallaun úr 3 ára námi frá HA höfðu hækkað meira milli ára 2008 og 2010 samanborið við hina útskriftarhópana.



Tekjur sjávarútvegsfræðinga

2.8. Núverandi staða - kröfur


Yfirspurningin fyrir neðangreinda mynd hljóðaði þannig: Í hve miklum mæli var krafist færni eða þekkingar í núverandi starfi á eftirtöldum þáttum? Í niðurstöðum yfir 80% aðspurðra kom í ljós að gerðar voru umtalsverðar eða miklar kröfur til sjávarútvegsfræðinga í starfi. Ekki var mikill munur eftir því hvort nemendur höfðu brautskráðst frá Tromsö eða HA. Fyrirnefndu töldu helst að sköpunargáfu eða verklegar færni væri ekki krafist eða litlar kröfur væru gerðar til þess, en hinir síðarnefndu að fjármálaþekkingar væri ekki krafist. Fram kom að sérlega miklar kröfur voru um færni til greina viðfangsefni, leysa vandamál og vinna sjálfstætt. Á hinn bóginn var talið að síst væru gerðar kröfur um verklega færni og sköpunargáfu. Nokkuð kom á óvart hversu hátt hlutfall telur að ekki sé krafist eða að litlar kröfur séu gerðar um fjármálaþekkingu og kunnáttu í erlendum tungumálum.




Í hve miklum mæli er krafist færni eða þekkingar í núverandi starfi á eftirtöldum þáttum?

2.9. Framhaldsnám


Um 25% sjávarútvegsfræðinga höfðu stundað framhaldsnám að útskrift lokinni. Ekki var hlutfallslega mikill munur eftir útskriftarhópum og kom það nokkuð á óvart. Ýmsar ástæður gætu legið þar að baki og má þar sem dæmi nefna að sjávarvegsfræðingar með 4 ár frá HA eða nám frá Tromsö brautskráðust með hærri gráður auk þess sem kröfur um framhaldsmenntun hafa hugsanlega aukist. Ánægjulegt var einnig að sjá hversu margir hafa áhuga á að fara í MSc nám og sækja endurmenntun við HA. Árið 2010 voru þátttakendur beðnir um að velja á milli fjögurra áfanga í endurmenntun á háskólastigi og höfðu flestir áhuga á áfanga um erlendan sjávarútveg eða rekstur sjávarútvegsfyrirtækja. Meiri áhugi var fyrir lengra námskeiði en styttra.




Hefur þú stundað annað háskólanám eftir að þú laukst sjávarútvegsfræðináminu




Hefur þú áhuga á að fara í M.Sc. nám við HA



Hefur þú áhuga á að fara í endurmenntun tengda sjávarútvegi við HA?




Ef Háskólinn á Akureyri biði upp á endurmenntun með áföngum á háskólastigi tengdum sjávarútvegi, myndir þú sækja þá?




Ef Háskólinn á Akureyri myndi bjóða upp á endurmenntunar námskeið, einskonar yfirlit um íslenskan sjávarútveg, myndir þú sækja það?

2.10. Námið – alþjóðleg tenging


Sjávarútvegsfræðingar töldu mikilvægt að geta átt samskipti á erlendum tungumálum og tiltölulega margir þeirra störfuð erlendis. Umræða hafði reglulega komið upp um að kenna fleiri áfanga á ensku við deildina. Því var spurt hvort kenna ætti meira á ensku og taldi liðlega helmingur sjávarútvegsfræðinga að það hefði mátt gera.



Hversu mikilvæg í starfi þínu er að geta átt samskipti (bæði munnlega og skriflega) á erlendum tungumálum



Hefur þú þurft að búa erlendis tengt starfi þínu?



Hefðir þú viljað hafa meiri kennslu á ensku í náminu þínu?

2.11. Lokaorð

Heilt yfir var viðhorf til námsins jákvætt og menntunin talin nýtast í starfi. Ekki var mikill munur á svörum eftir því hvar sjávarútvegsfræðingar höfðu stundað námið. Helmingur þeirra starfaði við sjávarútveg en hinir dreifast á fjölmargar atvinnugreinar og eru flestir hjá fjármálastofnunum eða í rekstri ótengdum sjávarútvegi.

Varðandi áherslur í uppbyggingu námsins taldi meirihluti þátttakenda að auka þyrfti almennar viðskiptagreinar og valgreinar. Helst var talið að minnka mætti áherslu í efnafræði og líffræðigreinum. Margir bentu á að sérstaklega vantaði áfanga um íslenskan sjávarútveg og meiri möguleika á rannsóknarverkefnum. Almennt gefa niðurstöður til kynna að sjávarútvegsfræðingar vilji halda í þverfaglegt nám sem tekur á flestum þáttum sjávarútvegs þ.e. í flestum greinum vildi helmingur aðspurðra hafa óbreyttar áherslur.

Greina má umtalsverðan áhuga á endurmenntun við HA í báðum könnunum og höfðu flestir áhuga á námi um erlendan sjávarútveg eða rekstur sjávarútvegsfyrirtækja.

3. VIÐHORF FRAMHALDSSKÓLANEMA


3.1. Inngangur

Þrjár kannanir voru sendar til framhaldsskólanemenda, árlega árin 2008 til 2010. Fyrsta var þrjúkönnun og var hún einungis send til nemenda Menntaskólans á Akureyri vorið 2008. Hinar tvær voru mun umfangsmeiri en þær náðu til 24 framhaldsskóla í landinu. Ríflega 4300 þátttakendur voru í hvort skipti og svarhlutfall var 35% og 38%. Í könnun ársins 2010 var búið að einangra ákveðna þætti úr könnun ársins 2009 sem þörfuðust nánari skýringar. Markmiðið var það sama, að leita ástæðna lítils áhuga á greinum tengdum sjávarútvegi.

Að lokinni fyrstu könnun (2008) var leitast eftir samþykki stjórnenda fleiri framhaldsskóla og í kjölfar þess send út vefkönnun til nemenda skólanna og voru sendar út tvær ítrekanir til þátttakenda. Í báðum könnunum voru þrjár skólar með um eða yfir 50% svarhlutfall og voru það Menntaskólinn á Akureyri, Framhaldsskólinn á Laugum og Menntaskólinn við Hamrahlið. Rétt rúmur helmingur svarenda var af höfuðborgarsvæðinu og næstflestir af Norðurlandi. Um það bil þriðjungur svarenda var af félagsfræðibraut og þriðjungur af náttúrufræðibraut. Aðrir svarendur komu af ýmsum öðrum brautum.


Við tölfræðigreiningu var kannað hvort marktækur munur væri á milli kynja, landshluta og námsbrauta.

Kyn



Svörun eftir kyni

Landsvæði





Svörun eftir landsvæðum

3.2. Viðhorf og tengsl við sjávarútveg

Viðhorf til sjávarútvegs



Á heildina litið var lágt hlutfall nemenda neikvætt gagnvart sjávarútvegi en þó voru margir sem ekki hafa skoðun. Marktækur munur var eftir kyni og búsetu. Fleiri konur en karlar höfðu ekki skoðun og voru Vestfirðingar jákvæðastir skv. könnun ársins 2009 en Austfirðingar skv. könnun ársins 2010. Fleiri nemendur höfuðborgarsvæðis höfðu ekki skoðun (sjá myndir 8-12 í frumskýrslu ársins 2009, bls. 18-20, og myndir 8-12 í frumskýrslu ársins 2010, bls. 17-19).



Hvert er viðhorf þitt til sjávarútvegs almennt? – Greint eftir Höfuðborg/landsbyggð

Áhugi á sjávarútvegs málefnum


Nemendur höfðu almennt lítinn áhuga á málefnum sjávarútvegsins. Marktækur munur var eftir kyni, búsetu og námsbraut. Karlar voru áhugasamari og voru nemendur af Vestfjörðum og Austfjörðum áhugasamastir, áhugi var minni á höfuðborgarsvæðinu. Nemendur annarra brauta voru áhugasamari en nemendur hefðbundinna framhaldsskólabrauta (sjá myndir 13-17 í frumskýrslu ársins 2009, bls. 20-21, og myndir 13-17 í frumskýrslu ársins 2010, bls. 19-20). Helstu breytingar á milli ára voru þær að áberandi fleiri nemendur höfðu ekki skoðun á málefnum.



Ég hef áhuga á sjávarútvegs málefnum – Greint eftir Höfuðborgarsvæði/landsbyggð

Hafa foreldrar þínir starfað í sjávarútvegi


Nemendur af landsbyggðinni voru líklegri til að eiga foreldra sem starfað hafa í sjávarútvegi. Marktækur munur var eftir búsetu. Á landsbyggðinni áttu nemendur frá Suðurlandi og Norðurlandi síður foreldra sem hafa starfað í sjávarútvegi (sjá myndir 18-22 í frumskýrslu ársins 2009, bls. 22-23).



Hafa foreldrar þínir starfað í sjávarútvegi? – Greint eftir Höfuðborgarsvæði/landsbyggð


3.3. Viðhorf til sjávarafurða

Nemendur virtust alveg vissir um hollustu íslenskra sjávarafurða. Marktækur munur var eftir búsetu. Fleiri nemendur frá Suðurnesjum svöruðu „hvorki né“ (sjá myndir 23-27 í frumskýrslu ársins 2009, bls. 23-24).




Íslenskar sjávarafurðir eru hollar

Helmingur nemenda taldi hollustu sjávarafurða vel kynnta. Ekki var marktækur munur milli bakgrunnsbreyta (sjá myndir 28-32 í frumskýrslu ársins 2009, bls. 25-26).




Hollusta íslenskra sjávarafurða er vel kynnt

Kynning matvöru úr íslenskum sjávarafurðum var ekki nógu áberandi samkvímt könnuninni. Ekki var marktækur munur milli bakgrunnsbreyta (sjá myndir 33-37 í frumskýrslu ársins 2009, bls. 26-27).




Kynning matvöru úr íslenskum sjávarafurðum er áberandi

Nemendur töldu úrval sjávarafurða vera gott í verslunum en umtalsverður hluti nemenda svaraði þó „hvorki né“. Ekki var marktækur munur milli bakgrunnsbreyta (sjá myndir 38-42 í frumskýrslu ársins 2009, bls. 28-29).



Úrval íslenskra sjávarafurða er gott í verslunum

Meirihluti nemenda borðaði fisk einu sinni til tvisvar í viku. Marktækur munur var eftir búsetu. Á höfuðborgarsvæðinu var algengara að nemendur borði fisk einu inni í viku en á landsbyggðinni var hinsvegar hærra hlutfall nemenda sem borðaði fisk tvisvar til fimm sinnum í viku (sjá myndir 43-47 í frumskýrslu ársins 2009, bls. 29-30).





Hversu oft að meðaltali í viku borðar þú fisk?

3.4. Þekking á sjávarútvegi

Fræðsla um sjávarútveg í framhaldsskóla

Fáir aðspurðra nemenda töldu fræðslu um sjávarútveg í framhaldsskóla vera greinagóða. Marktækur munur var eftir kyni og námsbraut. Karlar voru frekar á þeirri skoðun að fræðsla um sjávarútveg í framhaldsskóla væri greinagóð. Nemendur af landsbyggðinni og þá sérstaklega Vestfirðingar töldu sig síður hafa fengið greinagóða fræðslu um sjávarútveg í framhaldsskóla (sjá myndir 53-57 í frumskýrslu, bls. 32-33).




Ég fékk greinagóða fræðslu um sjávarútveg í framhaldsskóla

Fræðsla um sjávarútveg í grunnskóla

Afar lágt hlutfall nemenda taldi fræðslu um sjávarútveg í grunnskóla vera greinagóða. Marktækur munur var eftir búsetu. Nemendur af landsbyggðinni töldu sig frekar fá


greinagóða fræðslu í grunnskóla og af einstaka landshlutum voru Vestfirðingar því mest sammála (sjá myndir 48-52 í frumskýrslu, bls. 31-32).



Ég fékk greinagóða fræðslu um sjávarútveg í grunnskóla

Upplýsingar um sjávarútveg


Framhaldsskólanemendur virtust hafa litla hugmynd um hvar finna mætti almennar upplýsingar um sjávarútveg og voru þeir sem svöruðu jákvætt jafnframt spurðir hvar þeir myndu helst leita. Um 19% nefndu vefsíðu Hafrannsóknastofnunarinnar, 13% vefsíður Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, 6% Fiskistofu, 4% LÍÚ, 2% Hagstofuna, 1% Matís, 1% skip.is og 1% sax.is. Í mörgum tilvikum voru fleiri en ein vefsíða nefndar. Marktækur munur var eftir kyni. Karlar virtust frekar vita hvar átti að leita upplýsinga um sjávarútveg (sjá myndir 58-62 í frumskýrslu, bls. 34-35).



Veistu hvar er að finna almennar upplýsingar um sjávarútveg?

Aflamagn þorski

Meirihluti nemenda virtist vita um leyfilegt aflamagn þorski síðustu árin. Marktækur munur var eftir kyni og búsetu. Karlar voru oftast með rétt svar og voru nemendur á Suðurnesjum sjaldnast með rétt svar en aðrir landsbyggðarnemendur svara oftast rétt (sjá myndir 63-67 í frumskýrslu, bls. 35-36).




Veist þú hversu mikið af þorski hefur mátt veiða árlega á Íslandsmiðum síðustu fimm árin?

3.5. Atvinnugreinar/framtíðarstarf, menntun og búseta

Mikilvægustu atvinnugreinar; uppsafnað 1.-3. sæti



Meirihluti nemanda taldi sjávarútveg, ferðapjónustu og landbúnað vera mikilvægustu atvinnugreinar. Konur völdu frekar þessar atvinnugreinar en karlmenn frekar olúvinnsla, hugbúnaðar/tölvugeira og framleiðslu/sölu raforku. Nemendur á landsbyggðinni nefndu frekar sjávarútveg, landbúnað, framleiðslu á áli og matvælaiðnað (sjá frumskýrslu ársins 2009; myndir 68-70, bls. 37-38, og frumskýrslu ársins 2010; myndir 23-25, bls. 23-24). Helsti munurinn milli árána 2009 og 2010 var að ferðapjónusta hafði vaxið á kostnað sjávarútvegs, orkugeira og landbúnaðar.



Hvaða þrjár atvinnugreinar telur þú að muni verða mikilvægastar fyrir Íslendinga í framtíðinni? Samtals stig í fyrsta til þriðja sæti % (Þrjár valkostir raðað eftir forgangi; 1. sæti fékk þrjú stig, 2. sæti tvö stig og 3. sæti eitt stig = samtals)

Mikilvægustu atvinnugreinar; einungis 1. sæti



Þegar einungis var litið til stiga í fyrsta sæti, þá kom í ljós að vægi sjávarútvegs hafði fallið mikið á milli árána 2009 og 2010 (sjá frumskýrslu ársins 2009; myndir 71-73, bls. 39-40 og frumskýrslu ársins 2010 myndir 26-28, bls. 25-26).



Hvaða þrjár atvinnugreinar telur þú að muni verða mikilvægastar fyrir Íslendinga í framtíðinni? Einungis samtala stiga í fyrsta sæti %

Starfsvettvangur; uppsafnað 1. og 2. sæti



Helmingur aðspurðra framhaldsskólanema hafði áhuga á að starfa innan eftirtalinnna atvinnugreina: heilbrigðisgeiri, hönnun og listir, menntageiri og ferðaþjónusta. Konur völdu frekar heilbrigðisgeira, ferðaþjónustu, menntageira og hönnun og listir (raðast eftir vægi), en karlmenn mannvirkjagerð, iðnað, sjávarútveg og hugbúnaðar og tölvugeira. Nemendur á höfuðborgarsvæðinu kusu heldur að starfa við hönnun og listir svo og fjármála- og bankastarfsemi. Nemendur af landsbyggðinni völdu fremur mannvirkjagerð, iðnað, matvælaíðnað, landbúnað og sjávarútveg Helstu breytingar milli ára eru þær að þrjú efstu flokkarnir höfðu auka forskotið og vægi sjávarútvegs lækkað. (sjá frumskýrslu ársins 2009; myndir 74-76, bls. 40-41 og frumskýrslu ársins 2010; myndir 29-31, bls. 27-28)



Í hvaða atvinnugrein langar þig til að starfa í framtíðinni? Samtals stig í fyrsta og annað sæti % (Tveir valkostir raðað eftir forgangi; 1. sæti fékk tvö stig og 2. sæti eitt stig).

Starfsvettvangur; einungis 1. sæti



Helstu breytingar á milli ára voru að ríflega helmingur nemenda völdu þrjá efstu flokkana sem fyrsta valkost og vægi sjávarútvegs fór úr 1,1% niður í 0,8% (sjá frumskýrslu ársins 2009; myndir 77-79, bls. 42-43 og frumskýrslu ársins 2010; myndir 29-31, bls. 27-28).



Í hvaða atvinnugrein langar þig til að starfa í framtíðinni? Einungis samtala stiða í fyrsta sæti % (Tveir valkostir raðað eftir forgangi; 1. sæti fékk tvö stig og 2. sæti eitt stig).

Menntun; uppsafnað 1. og 2. sæti



Ríflega helmingur framhaldsskólanema höfðu áhuga á að læra heilbrigðisgreinar, félagsvísindi/lagavísindi, listagreinar og raungreinar/raunvísindi. Konur völdu frekar uppeldisgreinar, heilbrigðisgreinar, kennsluréttindi og félags/lagavísindi, en karlmenn auðlindagreinar, iðngreinar og verkfræði, Hærra hlutfall nema af landsbyggðinni völdu uppeldisgreinar, kennsluréttindi, iðngreinar og auðlindagreinar. Nemendur af höfuðborgarsvæðinu kusu frekar að læra raungreinar/raunvísindi, heimspekigreinar félagsvísindi/lagavísindi og listgreinar Helstu breytingar á milli ára var að áhugi á heilbrigðisgreinum og listgreinum jókst. (sjá frumskýrslu ársins 2009; myndir 80-82, bls. 43-44 og frumskýrslu ársins 2010; myndir 35-37, bls. 31-32).



Hvað langar þig helst til að læra? Samtals stig í fyrsta og annað sæti % (Tveir valkostir raðað eftir forgangi; 1. sæti fékk tvö stig og 2. sæti eitt stig).

Menntun; einungis 1.sæti



Helstu breytingar á milli ára var aukinn áhugi á heilbrigðisgreinum og listgreinum en áhugi fyrir félagsvísindum/laganámi og raungreinum dróst saman. Auðlindagreinar höfðu fremur lítið vægi í fyrri könnuninni og áhugi á þeim lækkaði enn frekar, þ.e. úr 2,2% í 1,6% (sjá frumskýrslu ársins 2009; myndir 38-40, bls. 33-34 og frumskýrslu ársins 2010; myndir 83-85, bls. 45-46)



Hvað langar þig helst til að læra? Einungis samtala stiga í fyrsta sæti % (Tveir valkostir raðað eftir forgangi; 1. sæti fékk tvö stig og 2. sæti eitt stig)

Framtíðarbúseta


Framhaldsskólanemendur kusu helst að búa á höfuðborgarsvæðinu eða erlendis. Marktækur munur var eftir búsetu. Nálægt helmingur nemenda kaus framtíðarbúsetu í núverandi heimabæ. Nemendur af höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum kusu helst að búa erlendis (sjá frumskýrslu ársins 2009; myndir 86-90, bls. 46-47 og frumskýrslu ársins 2010; myndir 41-45, bls. 34-35).



Hvar vilt þú helst hafa búsetu í framtíðinni– Greint eftir landssvæðum, Suðurnesjum var bætt við 2010 könnun

Störf á erlendi grundu



Nemendur höfðu almennt áhuga á að starfa tímabundið erlendis. Marktækur munur var eftir búsetu og námsbraut. Nemendur af höfuðborgarsvæði, Vestfjörðum og Suðurnesjum voru áhugasamari um að starfa erlendis. Á heildina litið höfðu nemendur á landsbyggðinni síður áhuga á að starfa tímabundið erlendis (sjá frumskýrslu ársins 2009; myndir 91-95, bls. 48-49)



Hefur þú áhuga á að starfa tímabundið erlendi? – Greint eftir Höfuðborg/landsbyggð

3.6. Háskólanám


Flestir nemendur stefna á háskólanám að loknu stúdentsprófi. Marktækur munur var eftir kyni, búsetu og námsbraut. Konur stefna frekar á háskólanám en nemendur af Vestfjörðum og Austfjörðum voru óákveðnari. Framhaldsskólanemendur af höfuðborgarsvæðinu voru mun ákveðnari og gildir það einnig um nemendur af eðlis-eða stærðfræðibraut svo og náttúrufræðibraut. Helstu breytingar á milli ára 2009 og 2010 voru þær fleiri stefna á háskólanám að loknu stúdentsprófi og færri voru óákveðnari (sjá frumskýrslu ársins 2009; myndir 96-100, bls. 49-51 og frumskýrslu ársins 2010; myndir 46-50, bls. 36-37).



Hyggst þú leggja stund á háskólanám að loknu stúdentsprófi? – Greint eftir Höfuðborg/landsbyggð

Tími að háskólanámi


Flestir svarenda stefna á háskólanám innan þriggja ára að loknu stúdentsprófi. Marktækur munur var eftir kyni og búsetu. Konur voru ákveðnari í að hefja framhaldsnám að loknu stúdentsprófi og sama gildir um nemendur af Norðurlandi, Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu (sjá frumskýrslu ársins 2009; myndir 101-105, bls. 51-52)



Munt þú hefja háskólanám innan næstu þriggja ára?

Rekstrarkostnaður og háskólanám


Nálægt helmingur framhaldsskólanemenda tók tillit til rekstrarkostnaðar við val á háskólanámi. Marktækur munur var eftir kyni, búsetu og námsbraut. Konur töldu kostnað frekar hafa áhrif á val á háskólanámi og nemendur frá Vestfjörðum voru frekar ákveðnari en aðrir og svöruðu oftast jákvætt. Nemendur á Norðurlandi töldu hvað síst að kostnaður hafi áhrif. Umtalsverður munur var á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar hvað þetta varðar og voru nemendur landsbyggðarinnar frekar meðvitaðir um þennan kostnað (sjá frumskýrslu ársins 2009; myndir 106-100, bls. 53-54)



Hefur kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis og samgangna áhrif á val á háskólanámi þínu?

Háskólanám byggt á raungreinum


Flestir framhaldsskólanemendur litu svo á að háskólanám byggt á raungreinum væri ekki fráhrindandi og var lítill munur á milli kynja. Það voru helst nemendur af Vesturlandi og Suðurlandi sem töldu að svo væri. Marktækur munur var á milli námsbrauta. Nemendur af eðlis- og stærðfræðibraut svo og náttúrufræðibraut töldu það áhugaverðast en nemendur af mála- og félagsfræðibraut síst (sjá frumskýrslu ársins 2010; myndir 51-55, bls. 37-39).



Er háskólanám sem byggir á raungreinum fráhrindandi? – Greint eftir kyni

Hugtakið þverfaglegt nám

Rúmlega helmingur nemenda hafði skilning á hugtakinu þverfaglegt nám. Marktækur munur var á kyni. Karlar höfðu meiri skilning á hugtakinu en konur (sjá frumskýrslu ársins 2010; myndir 51-55, bls. 37-39).




Hver er þinn skilningur á hugtakinu „þverfaglegt nám“? – Greint eftir kyni

3.7. Háskólinn á Akureyri

Viðhorf til framhaldsskólanema var jákvætt til HA, en umtalsvert hlutfall þeirra hafði þó ekki skoðun. Marktækur munur var eftir kyni, búsetu og námsbraut. Konur voru mun jákvæðari og höfðu frekar skoðun. Nemendur af Austur- og Norðurlandi voru áberandi jákvæðir og í heildina voru nemendur af landsbyggðinni mun jákvæðari og höfðu frekar skoðun. Á heildina litið voru nemendur af félags- og



náttúrufræðibrautum jákvæðari til HA en nemendur af öðrum brautum (sjá frumskýrslu ársins 2009; myndir 111-115, bls. 55-56)



Hvert er viðhorf þitt til Háskólans á Akureyri?

Áhugi á námi við HA


Tæplega 20% framhaldsskólanema höfðu áhuga á að stunda nám við HA. Marktækur munur var eftir kyni, búsetu og námsbraut. Konur vildu frekar stunda nám við HA en karlar. Flestir vildu stunda staðarnám, en þó var nokkuð hátt hlutfall óákveðinna. Af þeim sem vildu stunda fjarnám voru flestir frá Vestfjörðum. Nemendur af Norðurlandi og Vestfjörðum voru líklegastir til að stunda nám við HA og á heildina litið voru landsbyggðarnemendur mun áhugasamari en nemendur af höfuðborgarsvæðinu (sjá frumskýrslu ársins 2009; myndir 116-120, bls. 56-57 og frumskýrslu ársins 2010; myndir 61-65, bls. 41-42).



Hefur þú áhuga á að stunda nám við Háskólann á Akureyri?

Áhugi á námi við auðlindadeild HA


Helmingur þeirra sem höfðu áhuga á námi við Háskólann á Akureyri höfðu ekki áhuga á að stunda nám í eftirfarandi greinum: líftækni, sjávarútvegsfræði, umhverfis- og orkufraði, tölvunarfræði og viðskiptafræði. Áhugi var mestur á viðskiptafræði. Í þessari spurningu er vert að hafa í huga að sumir nemendur völdu fleiri en einn valkost (3488 svör og 1488 sem svöruðu könnun). Marktækur munur var eftir kyni. Konur sýndu líftækni meiri áhuga en tæplega helmingur þeirra höfðu ekki áhuga á þessum greinum. Karlmennt höfðu frekar áhuga á sjávarútvegsfræði og umhverfis- og orkufraði (sjá frumskýrslu ársins 2009; myndir 126-130, bls. 59-60)



Hefur þú áhuga á að stunda nám í: líftækni, sjávarútvegsfræði, umhverfis- og orkufraði, tölvunarfræði eða viðskiptafræði? (hægt að velja um fleiri en eitt)

Starf á rannsóknarstofu

Ríflega þriðjungur nemenda sem svöruðu könnuninni höfðu áhuga á að starfa á rannsóknarstofu. Marktækur munur var eftir búsetu og námsbraut. Nemendur af Suðurnesjum, Norðurlandi og höfuðborgarsvæðinu höfðu frekar áhuga sem og nemendur af náttúrufræðibraut og eðlis- eða stærðfræðibraut (sjá frumskýrslu ársins 2009; myndir 131-135, bls. 61-62)




Ég hef áhuga á að starfa á rannsóknarstofu?


3.8. Áhugasvið nemenda innan sjávarútvegs

Með hliðsjón af niðurstöðum könnunar ársins 2009 var ljóst að framhaldsskólanemendur höfðu ekki áhuga á sjávarútvegs málefnum (sjá línurit kafla 2.1). Því þótti ástæða til að greina nánar áhugasvið nemenda og í könnun sem framkvæmd var 2010 var því spurt um áhuga nemenda á einstökum sviðum innan sjávarútvegsfræða. Svarendur voru beðnir um að velja tvö málefni sjávarútvegs sem vektu mestan áhuga þeirra og forgangsraða þeim eftir mikilvægi. Það málefni sem sett var í fyrsta sæti fékk tvö stig og málefni sem sett var í annað sæti fékk eitt stig.

Framhaldsskólanemendur höfðu helst áhuga á málefnum um auðlindina sjálfa og mikilvægi sjávarútvegs fyrir Íslendinga. Yfir 60% nemenda raðaði eftirfarandi valkostum efst á listann: auðlindin, mikilvægi sjávarútvegs og stjórnkerfið. Konur höfðu helst áhuga á fiskneysla og sjávarafurðir sem fæðugjafi og mikilvægi sjávarútvegs, en karlar helst áhuga á fiskveiðum og stjórnkerfi (sjá frumskýrslu ársins 2010; myndir 66-71, bls. 43-46).



Hvað af málefnum sjávarútvegs vekur þér mestan áhuga? Samtals stig í fyrsta og annað sæti % (Tveir valkostir raðað eftir forgangi; 1. sæti fékk tvö stig og 2. sæti eitt stig)




Hvað af málefnum sjávarútvegs vekur þér mestan áhuga? Einungis samtala stiga í fyrsta sæti % (Tveir valkostir raðað eftir forgangi; 1. sæti fékk tvö stig og 2. sæti eitt stig)

Spurt var um eftirfarandi:


- Auðlindin (helstu fiskitegundir við Ísland og samspil við náttúruna)
- Fiskveiðar (skipagerðir, veiðarfæri og aflabrögð)
- Fiskvinnsla (vinnsluaðferðir og helstu afurðir/afurðaflokkar)
- Stjórnkerfi fiskveiða (yfirlit um kvótakerfið, landhelgi og helstu hugtök)
- Markaðir sjávarafurða (hvað verður um fiskinn sem við veiðum og vinnum)
- Mikilvægi sjávarútvegs fyrir Íslendinga (verðmæti afurða og störf í greininni)
- Yfirlit yfir helstu þátttakendur í íslenskum sjávarútvegi (fyrirtæki, samtök og stofnanir)
- Fiskneysla og sjávarafurðir sem fæðugjafi (næringargildi, heilnæmi og hollusta)
- Fiskeldi yfirlit (einnig samspil fiskeldis og fiskveiða)
- Heimsókn í skip og sjávarútvegsfyrirtæki

Valáfangi um sjávarútveg í framhaldsskóla

Ríflega 30% framhaldsskólanemenda höfðu áhuga á að taka slíkan valáfanga og þar af voru rúm 10% sem kusu að fræðast um efnið í heilum áfanga. Marktækur munur var á kyni og voru karlar líklegri en konur til að velja slíkan áfanga. Nemendur af Austur- og Norðurlandi voru helst líklegir til þess en nemendur af Suðurnesjum ólíklegastir. Nemendur af annarri námsbraut og viðskipta- og hagfræðibraut voru líklegri en aðrir að velja áfanga sem þennan (sjá frumskýrslu ársins 2010; myndir 72-76, bls. 47-48).




Ef þér stæði til boða valáfangi í framhaldsskóla sem gæfi yfirlit um íslenskan sjávarútveg myndir þú velja hann? – Greint eftir landsvæði




Ef þér stæði til boða valáfangi í framhaldsskóla sem gæfi yfirlit um íslenskan sjávarútveg myndir þú velja hann? – Greint eftir námsbrautum

Áhugi á sjávarútvegstengdu háskólanámi og áhugaverðustu greinarnar

Flestir nemendur eða rúm 70% höfðu ekki áhuga á greinum tengdum sjávarútvegi. Marktækur munur var eftir kyni. Konur höfðu síður áhuga en höfðu þó einna helst áhuga á afurðum sjávarútvegs og auðlindinni, en karlar á fiskveiðum og fiskvinnslu, fiskeldi og markaðssetningu sjávarafurða (sjá frumskýrslu ársins 2010; myndir 77-82, bls. 48-51).



Hefur þú áhuga á að stunda nám á háskólastigi í greinum tengdum sjávarútvegi? Samtals stig í fyrsta og annað sæti % (Tveir valkostir raðað eftir forgangi; 1. sæti fékk tvö stig og 2. sæti eitt stig)



Hefur þú áhuga á að stunda nám á háskólastigi í greinum tengdum sjávarútvegi?? Einungis samtala stiga í fyrsta sæti % (Tveir valkostir raðað eftir forgangi; 1. sæti fékk tvö stig og 2. sæti eitt stig)

Spurt var um eftirfarandi: **a)** Auðlindin (hafið og lífverur hafsins), **b)** Fiskveiðar og fiskvinnsla (tækni og búnaður), **c)** Afurðir sjávarútvegs (matvæli og líftækni), **d)** Markaðssetning sjávarafurða (markaðsmál og sala) **e)** Rekstur sjávarútvegs (stjórnun og fjármál), **f)** Fiskeldi.

3.9. Lokaorð

Þrjár kannanir voru sendar til framhaldsskólanemenda ár hvert á árunum 2008 til 2010. Sú fyrsta var prufukönnun og var hún einungis send til Menntaskólans á Akureyri vorið 2008 (ekki verður fjallað nánar um niðurstöður hennar hér). Hinar tvær voru mun umfangsmeiri og náðu til nánast allra framhaldsskóla í landinu. Riflega 4300 þátttakendur voru í hvorri könnun og var svarhlutfall 35% og 38%. Í könnuninni 2010 var búið að einangra ákveðna þætti úr könnuninni frá 2009 sem talið var að þörfuðust nánari skýringa. Markmiðið var það sama og áður, þ.e. að leita ástæðna lítils áhuga á greinum tengdum sjávarútvegi.

Niðurstöður beggja síðari kannana eru um margt áhugaverðar. Að sumu leyti hefur þetta staðfest það sem áður hefur verið talið, en einnig kemur annað á óvart.

Megin niðurstöðurnar úr 2009 könnuninni sem vakin er athygli á:

1. Unglingar gera sér góða grein fyrir mikilvægi sjávarútvegs
2. Unglingar hafa þó lítinn áhuga á sjávarútvegi og vilja alls ekki vinna við sjávarútveg (mynd 5)
3. Ímynd sjávarútvegs er þó ekki neikvæð meðal unglunga
4. Unglingar telja sig ekki hafa fengið greinagóða menntun um sjávarútveg í grunn- og framhaldsskólum (mynd 6).

Fyrsta atriðið var áhugavert, en kom ekki mikið á óvart þar sem sjávarútvegur hafði verið mikið í fréttum í ljósi gjörbreyttra efnahagsástæðna. Annað atriðið kom alls ekki á óvart, erfiðlega hafði gengið að fá nemendur til að mennta sig í sjávarútvegi og að fá Íslendinga til að starfa í fiskvinnslu. Þriðja atriðið kom hinsvegar á óvart. Það var í þversögn við númer tvö, fyrirfram mætti ætla að fáir hefðu áhuga eða vildu starfa í sjávarútvegi vegna neikvæðrar ímyndar. Bæði vegna harkalegrar umræðu um stjórnkerfið og vegna þess að þetta var „slorvinna“. Það virtist því ekki vera slæm ímynd sem fældi unglunga frá sjávarútvegi. Fjórða atriðið gat að hluta verið ástæðan þ.e greinagóð menntun um hafið og sjávarútveg á fyrri skólastigum virtist almennt ekki vera í boði.

Niðurstöður úr könnun 2010 voru samhljóða fyrri könnun fyrir utan neðangreint:

- Mikilvægi sjávarútvegs sem framtíðaratvinnugreinar lækkaði
- Áhugi fyrir sjávarútvegi dróst saman

Í 2010 könnun var að auki spurt hvort raungreinanám væri fráhrindandi og hver skilningur nemenda væri á hugtakinu þverfaglegt. Flestum framhaldsskólanemendum fannst nám byggt á raungreinum ekki fráhrindandi, samt sem áður þá lögðu einungis 35% nemenda í könnuninni stund á raungreinanám í framhaldsskóla! Þriðjungur nemenda var ekki viss á hugtakinu þverfaglegt nám og 12% svöruðu því rangt!

Jafnframt var spurt hvort nemendur höfðu áhuga á námskeiði í framhaldsskóla um íslenskan sjávarútveg, helmingur nemenda höfðu ekki áhuga. Hinir höfðu helst áhuga á eftirfarandi málefnum sjávarútvegs: auðlindinni, mikilvægi sjávarútvegs fyrir Íslendinga og stjórnkerfi fiskveiða. Í lokin var spurt um áhuga nemenda á námi tengdu sjávarútvegi í háskóla, 70% framhaldsskólanemenda höfðu ekki áhuga, en þeir sem höfðu áhuga vildu helst læra um auðlindina og markaði sjávarafurða.

Viðhorfsbreytinga til sjávarútvegs er þörf hjá þjóðinni. Lausnin gæti falist í aukinni fræðslu um hafið og mikilvægi sjávarnytja fyrir Ísland í grunn- og framhaldsskólum landsins. Þetta er í eðli sínu langtímaverkefni þar sem aðilar tengdir sjávarútvegi svo og menntayfirvöld verða að bregðast við.

4. VIÐHORF STJÓRNENDA SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKJA


4.1. Inngangur

Tvær kannanir voru sendar í því markmiði að meta framlag sjávarútvegsfræðinga til greinarinnar og viðhorf þeirra til námsins. Forkönnun var send út árið 2009 og fyrir valinu urðu stjórnendur fárra fyrirtæki. Markmið þessarar könnunar var að prófa spurningarnar og verður ekki fjallað nánar um niðurstöður þeirrar könnunar hér en skýrsla um þær liggur fyrir.

Árið 2010 var send út vefkönnun til stjórnenda 30 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna greint eftir veltu og aflaheimildum. Vefkönnunin var jafnframt send til annarra sjávarútvegsfyrirtækja þar sem vitað var að sjávarútvegsfræðingar voru starfandi eða höfðu starfað. Þátttakendur voru alls 46 og svöruðu 30, sem var ríflega 65% svarhlutfall. Hluta spurninga gátu þeir einir svarað sem höfðu haft sjávarútvegsfræðing í vinnu (köflum 3.1 til og með 3.3). Erfitt var því að draga sterkar ályktanir af spurningum úr þessum köflum þótt þær væru taldar gefa góða mynd af viðhorfi stjórnenda.


Við tölfræðigreiningu var kannað hvort marktækur munur væri eftir atvinnugrein og heildarfjölda starfsmanna. Þá var einnig spurt hvort sjávarútvegsfræðingur hafi starfað hjá viðkomandi fyrirtæki.

Staða innan fyrirtækis



Svörun eftir stöðu innan fyrirtækis, einn gaf ekki upp stöðu sína.

Flokkuð atvinnugrein



Svörun eftir flokkaðri atvinnugrein fyrirtækja.


Atvinnugrein A – fyrirtæki á þremur sviðum: 1) fiskvinnsla, 2) fiskveiðar og 3) markaðssetning

Atvinnugrein B – fyrirtæki á tveimur sviðum: 1) fiskvinnsla og 2) fiskveiðar

Atvinnugrein C* – fyrirtæki á öðrum sviðum: 1) fiskeldi, 2) stofnanir og önnur þjónusta og 3) annað.

*Eitt fyrirtæki var einungis í Markaðssetningu sjávarafurða og var það fellt undir atvinnugrein C.


Fjöldi starfsmanna



Svörun eftir fjölda starfsmanna

4.2. Sjávarútvegsfræðingar; störf og ábyrgð


Sjávarútvegsfræðingar voru starfandi eða höfðu starfað hjá nálægt helmingi fyrirtækjanna. Enginn marktækur munur var eftir bakgrunnsbreytum. Algengast var að sjávarútvegsfræðingar starfi eða hafi starfað í fyrirtækjum í atvinnugrein A (veiðar, vinnsla og markaðssetning) og þar sem starfsmenn voru fleiri en 100 (sjá myndir 7-8 í frumskýrslu, bls. 23).



Hafa sjávarútvegsfræðingar starfað hjá fyrirtækinu

Fjöldi starfandi sjávarútvegsfræðinga


Alls voru 24 sjávarútvegsfræðingar starfandi hjá þessum 14 fyrirtækjum en samtals 51 einstaklingur með þessa menntun hafði í gegnum tíðina starfað hjá viðkomandi fyrirtækjum (ekki sýnt á myndinni fyrir neðan). Ekki var greint eftir bakgrunnsbreytum vegna lítils fjölda svara og dreifingu þeirra (sjá mynd 9 í frumskýrslu, bls. 24).



Fjöldi sjávarútvegsfræðinga sem starfa núna hjá fyrirtækinu

Starfssvið sjávarútvegsfræðinga


Meirihluti þessara 24 sjávarútvegsfræðinga starfaði í milli- eða yfirstjórn fyrirtækjanna. Ekki var greint eftir bakgrunnsbreytum vegna lítils fjölda svara og dreifingu þeirra (sjá mynd 10 í frumskýrslu, bls. 24).



Hvert er starfssvið sjávarútvegsfræðinga sem starfa núna hjá fyrirtækinu

Ábyrgð sjávarútvegsfræðinga


Ábyrgð starfandi sjávarútvegsfræðinga í sjávarútvegsfyrirtækjum var miðlungs eða mikil. Ekki var greint eftir bakgrunnsbreytum vegna lítills fjölda svara og dreifingu þeirra (sjá mynd 12 í frumskýrslu, bls. 25).



Hver er ábyrgð sjávarútvegsfræðinga sem starfa núna hjá fyrirtækinu

Ferðalög á erlenda grundu


Ferðalög erlendis voru hluti af starfi sjávarútvegsfræðinga. Enginn marktækur munur var eftir bakgrunnsbreytum (sjá myndir 11-12 í frumskýrslu, bls. 25). Athuga ber að 19 af 24 þátttakendum svara ekki þessari spurningu.



Fylgja ferðalög á erlenda grundu starfi sjávarútvegsfyrirtækja sem starfa núna hjá fyrirtækinu

4.3. Mat á hæfni sjávarútvegsfræðinga


Menntun sjávarútvegsfræðinga virtist reynast vel að mati stjórnendanna 14. Engin marktækur munur var eftir bakgrunnsbreytum (sjá myndir 13-14 í frumskýrslu, bls. 26).



Hvernig hefur menntun sjávarútvegsfræðinga reynst að jafnaði í fyrirtækinu?

Verkkunnátta sjávarútvegsfræðinga


Verkkunnátta mikils meirihluta sjávarútvegsfræðinganna 24 var talin vera góð eða í meðallagi. Engin marktækur munur var eftir bakgrunnsbreytum. Erfitt var þó að draga frekari ályktanir út frá atvinnugrein eða starfsmannafjölda vegna dreifingu svara (sjá myndir 15-16 í frumskýrslu, bls. 27).



Hvernig hefur verkunnátta sjávarútvegsfræðinga reynst að jafnaði í fyrirtækinu?

Skilningur sjávarútvegsfræðinga á greininni


Sjávarútvegsfræðingar virtust hafa mjög góðan skilning á greininni. Engin marktækur munur var eftir bakgrunnsbreytum (sjá myndir 17-18 í frumskýrslu, bls. 27-28).



Hvernig hefur skilningur sjávarútvegsfræðinga verið á sjávarútvegi í heild sinni?

Hæfni sjávarútvegsfræðinga á einstökum þáttum


Ríflega 90% stjórnendanna 14 töldu almenna hæfni á neðangreindum þáttum góða eða í meðallagi. Engin marktækur munur var eftir bakgrunnsbreytum (sjá myndir 19-30 í frumskýrslu, bls. 28-32).



Mat á almennri hæfni sjávarútvegsfræðinga á einstökum þáttum

4.4. Menntun í sjávarútvegsfræðum og stjórnunarstörf


Menntun í sjávarútvegsfræðum virtist henta vel til stjórnunarstarfa í sjávarútvegi að mati stjórnenda. Engin marktækur munur var eftir bakgrunnsbreytum (sjá myndir 31-22 í frumskýrslu, bls. 32).



Hvernig myndir þú telja að menntun í sjávarútvegsfræðum nýtist til stjórnunarstarfa í sjávarútvegi?

Mikilvægustu þættir námsins

Stjórnendurnir 14 töldu sölu/rekstur, raungreinagrunn og sjávarnytjar mikilvægustu þættina í náminu. Engin marktækur munur var eftir bakgrunnsbreytum (sjá myndir 33-42 í frumskýrslu, bls. 33-36).



Mikilvægustu þættir náms í sjávarútvegsfræðum

Eftirfarandi var til skýringar


- **Raungreinagrunnur:** stærðfræði, líffræði, efnafræði, tölfræði, eðlisfræði
- **Auðlindin:** haf- og veðurfræði, sjávarlíffræði, fiskifræði, stofnstærðarfræði
- **Nytjarnar:** veiðitækni, skipatækni, stjórnkerfi fiskveiða, auðlindahagfræði, fiskeldi
- **Framleiðslan:** vinnslutækni, örverufræði, matvælafræði, efnafræði
- **Sala/rekstur:** markaðsfræði, stjórnun, fjármál, ársreikningur, fjárhagsbókhalð, þjóðhagfræði, rekstrarhagfræði

Vantar eitthvað í námið?

Aðeins tveir aðspurðra svöruðu þessari spurningu. Það sem þeim fannst vanta í námið var annars vegar lögræði tengt auðlindanýtingu og hins vegar mannfræði eða vinnusálfræði.

4.5. Áherslur við val á starfsmanni í stjórnunarstöðu

Stjórnendur með þverfaglega menntun að baki voru klárlega taldir henta betur í sjávarútvegsfyrirtæki. Engin marktækur munur var eftir bakgrunnsbreytum (sjá myndir 43-44 í frumskýrslu, bls. 36-37).




Ef velja á starfsmann með háskólamenntun til stjórnunarstarfa, hvort myndir þú velja einstaklinga með sérhæfða eða þverfaglega menntun til starfa í þínu fyrirtæki?

Mikilvægustu þættir í starfsumsóknnum stjórnenda

Mikilvægustu þættir í starfsumsókn nýrra stjórnenda voru taldir vera hagnýt reynsla utan við nám og persónulegir eiginleikar. Marktækur munur var eftir


bakgrunnsbreytum(skýring á bls. 37 í frumskýrslu) (sjá myndir 45-60 í frumskýrslu, bls. 37-42).



Mikilvægi ýmissa þátta í starfsútsókn nýrra stjórnenda?

Áherslur við val á starfsmanni í stjórnunarstöðu


Stjórnendur lögðu megin áherslu á hæfni í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýna hugsun. Ekki var marktækur munur á bakgrunnsbreytum (sjá myndir 61-74 í frumskýrslu, bls. 43-47).



Hversu rík áhersla er lögð á ofangreint við val á starfsmanni til stjórnunarstarfa?

4.6. Endurmenntun


Meirihluti aðspurðra stjórnenda sögðust myndu hvetja starfsmenn til að sækja endurmenntunarnámskeið þar sem yfirlit væri gefið um íslenskan sjávarútveg. Þeir töldu jafnframt að lengra námskeið (20 klst.) hentaði betur en stutt (4-5 klst) (sjá mynd 75 í frumskýrslu, bls. 48).



Ef háskólinn á Akureyri myndi bjóða upp á námskeið, einskonar yfirlit um íslenskan sjávarútveg, myndi fyrirtækið hvetja starfsmenn til að sækja það?

Hverjir yrðu helst hvattir til að sækja endurmenntun


Stjórnendur töldu millistjórnendur og starfsmenn við verkstjórn og aðra yfirstjórn helst verða hvattir til að sækja endurmenntunarnámskeið. Á myndinni fyrir neðan sýna tölurnar inni í súluritinu þann fjölda stjórnenda úr 30 manna hópi sem töldu viðkomandi starfsmenn helst verða hvatta til að sækja námskeiðið. Dæmi: 17 af 30 stjórnendum töldu að millistjórnendur yrðu helst hvattir til að sækja námskeið í endurmenntum (sjá mynd 76 í frumskýrslu, bls. 48).



Hvaða hópar innan fyrirtækisins yrðu hvattir til að sækja námskeið?

Mikilvægustu þættir náms í endurmenntun

Stjórnendur litu svo á að námskeið sem fjallar um markaði sjávarafurða vanti hvað mest í endurmenntun. Marktækur munur var eftir bakgrunnsbreytum (skýring á bls. 48 í frumskýrslu). Einnig var spurt hvort þátttakendur vildu nefna aðra möguleika eða hvort möguleika vantaði, en enginn nýtti sér það (sjá myndir 77-92 í frumskýrslu bls. 48-53).




Hvað þyrfti helst að koma fram í námskeiði sem gæfi yfirlit um sjávarútveg. Eftirfarandi var til skýringar:

- **Auðlindin** (helstu fiskitegundir við Ísland og samspil við náttúruna)
- **Fiskveiðar** (skipagerðir, veiðarfæri, aflbrögð og samspil þessara þátta)
- **Fiskvinnsla** (vinnsluaðferðir og helstu afurðir/afurðaflokkar)
- **Stjórnkerfi fiskveiða** (yfirlit um kvótakerfið, landhelgi og helstu hugtök)
- **Markaðir sjávarafurða** (hvað verður um fiskinn sem við veiðum og vinnum)
- **Mikilvægi sjávarútvegs fyrir Íslendinga** (verðmæti afurða og störf í greininni)
- **Yfirlit yfir helstu þátttakendur í íslenskum sjávarútvegi** (fyrirtæki, samtök og stofnanir)

4.7. Viðhorf til náms í sjávarútvegsfræðum við HA


Stjórnendur voru almennt jákvæðir til náms í sjávarútvegsfræðum við HA. Engin marktækur munur var eftir bakgrunnsbreytum. Sjá myndir 93-94 í frumskýrslu (bls. 54).



Hvert er viðhorf þitt til náms í sjávarútvegsfræðum við Háskólann á Akureyri?


4.8. Gagnaveita um íslenskan sjávarútveg

Gagnaveita um sjávarútveg (www.fisheries.is) var sjaldan eða aldrei notuð af stjórnendum í sjávarútvegi, þó helst sem ábending til viðskiptavina. Marktækur munur var eftir bakgrunnsbreytum (skýring á bls. 53) (sjá myndir 95-102 í frumskýrslu, bls. 57-60).



Nýtir þú þér gagnaveitu um íslenskan sjávarútveg (eingöngu á ensku)?

Helmingur stjórnenda töldu sig myndu nota íslenska útgáfu af gagnaveitunni www.fisheries.is frekar oft ef hún væri fyrir hendi, og þá helst til gagnasöfnunar. Marktækur munur var eftir bakgrunnsbreytum (skýring á bls. 57) (sjá myndir 103-110 í frumskýrslu, bls. 57-60).



Myndir þú nýta þér gagnaveituna ef hún væri í boði á íslensku?

4.9. Lokaorð

Könnun þessi var framkvæmd í því markmiði að meta viðhorf stjórnenda sjávarútvegsfyrirtækja til sjávarútvegsfræðinga sem starfsmanna svo og til menntunar þeirra. Að auki var spurt um tvo þætti er snéru að Háskólanum á Akureyri, þ.e. viðhorf til endurmenntunar og varðandi gagnaveituna www.fisheries.is sem ritstýrt er frá HA fyrir Sjávarútvegsráðuneytið. Við skoðun niðurstaðna ber að hafa í huga að í hluta spurninga var fjöldi þátttakenda ekki nægjanlegur til að unnt sé að draga sterkar ályktanir af svörum, en könnunin ætti þó að gefa nokkuð góða mynd af viðhorfi stjórnenda. Niðurstöður voru um margt áhugaverðar og staðfestu að mörgu leyti styrkleika náms í sjávarútvegsfræðum við HA og það traust sem borið var til útskrifaðra sjávarútvegsfræðinga. Mikilvægum ábendingum varðandi námið og því sem betur má fara var þó jafnframt komið á framfæri.

Megin niðurstöður voru eftirfarandi:

I) Sjávarútvegsfræðingar; menntun og traust

- a) Sjávarútvegsfræðingum var treyst til ábyrgðarstarfa.
- b) Menntun þeirra hafði reynst vel og þeir voru taldir hafa góðan skilning á greininni.
- c) Sölumál/rekstur og raungreinar voru taldir mikilvægustu þættir námsins.
- d) Tæplega 90% aðspurðra stjórnenda voru jákvæðir til náms í sjávarútvegsfræðum við HA.

II) Stjórnendur í sjávarútvegi

- a) Starfsmenn með þverfaglega menntun að baki voru klárlega taldir henta betur til stjórnunarstarfa í sjávarútvegi.
- b) Starfsreynsla utan við nám og persónulegir eiginleikar voru taldir mikilvægustu þættir í starfsumsóknunum.
- c) Við val á nýjum stjórnendum var lögð áhersla á hæfni í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýna hugsun.

III) Endurmenntun við Háskólann á Akureyri

- a) Meirihluti stjórnenda myndi hvetja stjórnendur sýna til að sækja endurmenntunarnámskeið þar sem gefið væri yfirlit um íslenskan sjávarútveg, og ennfremur var meiri áhugi fyrir lengra námskeiði en styttra.
- b) Millistjórnendur, verkstjórn og yfirstjórn yrðu helst hvattir til að sækja námskeiðið.
- c) Markaðir sjávarafurða væri það atriði sem mestur áhugi var fyrir.

IV) Gagnaveita um sjávarútveg, www.fisheries.is

- a) Gagnaveitan var nánast ekkert notuð af stjórnendum sem skýrst gæti af því að eingöngu væri boðið upp á enska útgáfu.
- b) Helmingur stjórnenda sögðust myndu nota gagnaveituna ef hún væri í boði á íslensku.

5. GREINING Á INNRIÐUN OG BROTTFALLI

5.1. Inngangur

Pungamiðja í vinnu við verkefnið var greining á fjölda innritaðra nemenda og brottfalli úr náminu. Frá upphafi (2008) var byrjað að safna þessum upplýsingum og greina. Óhætt var að segja að sú vinna hafi dregið fram marga þætti sem gefa þyrfti nánari gaum í framtíðinni. Þessar upplýsingar voru síðan uppfærðar í lok hverrar annar.


Almennt var brottfall nemenda skilgreint sem þeir nemendur sem innritast en útskrifast ekki úr námi. Brottfallstölur voru ekki samræmdar milli háskóla og því mikilvægt að skilgreina brottfall frekar:

- Einungis þeir nemendur sem staðfestu þátttöku í náminu innan þriggja vikna frá upphafi náms teljast innritaðir.
- Brottfall voru þeir nemendur sem hættu námi fyrir próf eða stóðust ekki próf.

Árin 1990-2000 var nám í sjávarútvegsfræðum 4 ár en hafði verið 3 ár frá árinu 2001 auk þess sem boðið hafði verið upp á fjarnám frá árinu 2001. Í texta við myndir er ávallt umfjöllun um bæði tímabil, þannig að hægt sé að skoða þróunina sem hafði átt sér stað fyrir og eftir að 3 ára nám var tekið upp sem og fjarnám.


5.2. Heildarfjöldi sjávarútvegsfræðinga á Íslandi

Í heildina bera 207 einstaklingar titilinn sjávarútvegsfræðingur á Íslandi. Af þeim höfðu 40 útskrifast frá Tromsø, 19 nemendur höfðu útskrifast úr tveggja ára MSc námi frá Háskóli Íslands (HÍ) og 148 nemendur höfðu lokið BSc og BSh gráðu frá HA.



Fjöldi útskrifaðra sjávarútvegsfræðinga frá öllum skólum


Meðalfjöldi útskrifaðra nemenda í sjávarútvegsfræðum frá HA á árunum 1990 til 2010 var 9, þar af 7 fjarnemar. Fjöldi útskrifaðra eftir árum hafði sveiflast mikið, frá 22 nemendum þegar best lét árið 1998 og niður í einn árið 2010.



Fjöldi útskrifaðra sjávarútvegsfræðinga frá HA; eftir fjar- og staðarnámi

5.3. Fjöldi innritaðra, útskrifaðra og brottfall nemenda við HA




Meðalfjöldi innritaðra nemenda á árunum 1990 til 2010 var 14. Heildarfjöldi innritaðra var 291 og þar af voru 239 staðarnemar og 52 fjarnemar. Boðið hafði verið upp á fjarnám frá haustinu 2001 og frá þeim tíma höfðu fjarnemar verið að meðaltali 38% innritaðra nemenda en hlutfall þeirra var þó heldur hærra árin 2009 og 2010. Heildarbrotfall náði hámarki árið 2008 en hafði verið að lækka og þá sérstaklega í fjarnámi auk þess sem ekkert brottfall hafði verið síðustu tvö árin í staðarnáminu (2010 eru bráðabirgðatölur).



Heildarfjöldi innritaðra, útskrifaðra og brottfall fyrir alla nemendur, fjarnám og staðarnám

5.4. Aldursdreifing og meðalaldur innritaðra nemenda


Myndirnar hér að neðan sýna fjölda innritaðra nemenda eftir aldri og sýnir svarta línan þróun meðalaldur (m.aldur) nemendanna. Meðalaldur nemenda á árunum 1990 til 2010 var 25 ár og voru ríflega 80% nemenda á aldrinum 20-30 ára. Þegar fjarnám hófst árið 2001 fór meðalaldur nemanda hækkandi og aldurskipting verður dreifðari.



Aldursdreifing innritaðra og meðalaldur; allir nemendur, staðarnám og fjarnám


5.5. Innritaðir nemendur eftir kyni

Karlar voru að meðaltali um 80% innritaðra nemenda allt tímabilið en hlutfall kvenna hafði í seinni tíð verið að aukast. Líttill munur var á kynjaskiptingu milli staðar- og fjarnema frá því fjarnám hófst árið 2001.



Innritaðir eftir kyni; staðarnám og fjarnám

Karlar eru nálægt 90% útskrifaðra sjávarútvegsfræðinga frá HA. Hlutfall kvenkyns útskriftarnema hafði verið að aukast síðustu ár samfara auknu hlutfalli kvenna meðal innritaðra nemenda.




Útskrifaðir eftir kyni; staðarnám og fjarnám eftir ári sem þeir innrituðust

5.6. Innritaðir nemendur eftir framhaldsskólum


Hér að neðan má sjá nemendur sem innritast höfðu í sjávarútvegsfræði við HA á árunum 1990 til 2010, flokkaða eftir framhaldsskólum. Innritaðir nemendur voru samtals 291 og þar af voru 52 fjarnemar en boðið hafði verið upp á fjarnám frá árinu 2001. Útskrifaðir sjávarútvegsfræðingar voru samtals 148 og þar af voru 7 fjarnemar.

Nemendur sem komu úr MA og VMA voru flestir þeirra sem innritast og útskrifast úr sjávarútvegsfræðum. Í ljós kom að nemendur sem komu þaðan völdu að stærstum hluta staðarnámið. Algengast var að nemendur í fjarnámi komu úr frumgreinabrautum háskóla eða verktenngdu námi, svo sem sjómannaskólum eða iðnnámi (Stýri/vél, Hásk., Óskilgr. og Annað á mynd).



Fjöldi innritaðra og útskrifaðra nemenda eftir framhaldsskólum, fjarnám og staðarnám 1990-2010

Myndin hér að neðan sýnir hlutfallslegt vægi þeirra er innrituðust í sjávarútvegsfræði við HA á árunum 1990 til 2010. Samtals voru nemendur VMA og MA um 30% innritaðra og 37% útskrifaðra nemenda í sjávarútvegsfræðum við HA. Séu útskrifaðir fleiri en innritaðir í einstaka skólum gefur það til kynna að lítið brottfall sé meðal nemenda þess skóla.




Hlutfall innritaðra og útskrifaðra nemenda eftir framhaldsskólum, fjarnám og staðarnám 1990-2010

5.7. Innritaðir nemendur eftir námsbraut úr framhaldsskóla

Hlutfallslegt vægi nemenda sem komu af náttúrufræðibraut lækkaði til muna tímabilið 2001 til 2010. Vægi óskilgreindra og annarra námsbrauta hækkaði til muna þegar hafið var að bjóða upp á fjarnám haustið 2001 og var þetta fyrst og fremst á kostnað

náttúrufræða. Úttektin sýndi enn fremur að fjarnemar komu frekar úr starfstengdu námi.




Brautir 1990-2000

Óskilgr. = 20%
Annað = 8%
Málabr. = 4%
Félagsfr. = 23%
Náttúrufr. = 45%

Brautir 2001-2010

Óskilgr. = 19%
Annað = 26%
Málabr. = 3%
Félagsfr. = 29%
Náttúrufr. = 24%




Brautir 1990-2000

Óskilgr. = 20%
Annað = 8%
Málabr. = 4%
Félagsfr. = 23%
Náttúrufr. = 45%

Brautir 2001-2010

Óskilgr. = 17%
Annað = 16%
Málabr. = 4%
Félagsfr. = 33%




Brautir 2001-2010

Óskilgr. = 33%
Annað = 39%
Málabr. = 4%
Félagsfr. = 6%
Náttúrufr. = 18%

Heildarfjöldi innritaðra nemenda eftir námsbraut úr framhaldsskóla; heildarfjöldi (efsta mynd) staðarnám (mynd í miðju) og fjarnám (neðsta myndin). Tölur við hliðina sýna meðaltal árunna.

5.8. Námstími að brottfalli innritaðra nemenda

Námstími að brottfalli hafði farið lækkandi yfir tímabilið (rauðu litirnir hverfa á mynd hér fyrir neðan) og sást það greinilega á síðari hluta tímabilsins (2001 til 2010) þegar flestir nemendur féllu út strax eftir hálfis árs nám. Fjarnemar féllu að jafnaði seinna úr náminu.




Brottfallstími 1990-2000

0,5 ár. = 33%
1 ár = 30%
1,5 ár = 8%
2 ár = 13%
+2 ár = 16%

Brottfallstími 2001-2010

0,5 ár. = 64%
1 ár = 17%
1,5 ár = 7%
2 ár = 5%
+2 ár = 7%




Brottfallstími 1990-2000

0,5 ár. = 33%
1 ár = 30%
1,5 ár = 8%
2 ár = 13%
+2 ár = 16%

Brottfallstími 2001-2010

0,5 ár. = 63%
1 ár = 25%
1,5 ár = 0%
2 ár = 4%
+2 ár = 8%



Brottfallstími 2001-2010

0,5 ár. = 64%
1 ár = 12%
1,5 ár = 12%
2 ár = 6%
+2 ár = 6%

Heildarfjöldi nemenda sem fallið hafa úr námi eftir námstíma að brottfall; heildarfjöldi (efsta mynd) staðarnám (mynd í miðju) og fjarnám (neðsta myndin). Tölur við hliðina sýna meðaltal árána.

5.9. Lokaorð

Samtals hafa 148 nemendur lokið BSc eða BSc-honour gráðu í sjávarútvegsfræðum frá HA13. Karlar voru að meðaltali 80% innritaðra nemenda en hlutfall kvenna hafði verið að aukast í seinni tíð, sáralítill munur var á milli fjar- og staðarnáms. Ríflega 80% innritaðra nemanda voru á aldrinum 20-30 ára. Boðið hafði verið upp á fjarnám frá árinu 2001 en við það hækkaði meðalaldur innritaðra nemenda lítilsháttar en um helmingur fjarnema var að jafnaði eldri en 30 ára.

Að jafnaði höfðu 13,9 nemendur innritast í námið og 8,7 útskrifast árlega. Brottfall úr námi var því rétt tæp 40%. Brottfall var mun hærra eftir að náminu var breytt árið 2001, en við nánari greiningu kom í ljós að þetta skýrðist nær eingöngu af því að þá hófst fjarnám. Allt að 2/3 hluti fjarnema féll úr námi á meðan brottfall meðal staðarnema var um 30%.

Brottfall var langmest á fyrsta árinu, sem ekki ætti að koma á óvart, en athyglisvert var að um 64% þeirra sem féll úr námi frá breytingu í þriggja ára nám gerðu það strax á fyrstu önn. Fyrir þann tíma féll einungis þriðjungur út á fyrstu önn, þriðjungur á annarri önn og þriðjungur á öðru ári eða síðar.

Rannsóknin hafði dregið fram fjölmarga þætti sem nauðsynlegt var að fylgjast vandlega með í náminu. Strax í upphafi kom í ljós mikill munur milli fjar- og staðarnema, auk þess sem umtalsverður munur var milli nemenda sem stundað höfðu 3. eða 4. ára námi. Stóran hluta þessa mismunar má skýra með fjarnámi sem hófst árið 2001, eftirfylgni með nemendum í fjarnámi brást og var því lagst í mikla greiningarvinnu.

Árin 2008-2010 hafði jafnt og þétt verið unnið að þróun betra eftirlits með fjarnemum. Haldin var dagbók um nemendur og jafnframt var hringt í þá á námstíma. Strax í upphafi hveðrar annar hafði verið ýtt undir hópamyndum og samstarf allra nemenda með kynningarfundum og léttu spjalli utan skólatíma. Fjarnemar hittust einungis 3x á önn, og því mikilvægt að þeir nýti tíma til samvinnu vandlega. Þeim hafði sérstaklega verið bent á að vinna saman með tölvu samskiptaforritum, SMS og símtölum. Staðarnemar höfðu ekki verið undanskyldir, ýtt hafði verið undir samvinnu þeirra á milli auk meiri samskipta við fjarnema.

Öll þessi vinna virtist skila minna brottfalli í bæði fjar- og staðarnámi, það síðara var mun mikilvægara því stór hluti nemenda hafði stundaða fjarnám síðustu árin.